

Reglur um endurgreiðslu ferðakostnaðar

Sjóðurinn endurgreiðir ferðakostnað sjóðfélaga vegna ferðar til trúnaðarlæknis sjóðsins í tengslum við umsókn um örorkulífeyri, að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum;

1. Að sjóðfélagi sé búsettur utan höfuðborgarsvæðisins.
2. Að sjóðfélagi leggi fram reikning eða kvittun fyrir ferðakostnaði ef ferðin er farin með flugi, ferju, áætlunarbíl eða öðrum almenningsfarartækjum.
3. Að sjóðfélagi leggi fram staðfestingu á komu til trúnaðarlæknis.

Sjóðurinn endurgreiðir kostnað skv. framlögðum reikningum sbr. 2 tl. hér að ofan. Ef sjóðfélagi notar eigin bifreið endurgreiðir sjóðurinn kostnað sem nemur kr. 40,16 á hvern ekinn kílómetra. Kílómetragjald breytist í hlutfalli við akstursgjald ríkisstarfsmanna samkvæmt auglýsingu ferðakostnaðarnefndar á hverjum tíma.

Sjóðurinn áskilur sér rétt til þess að krefjast frekari gagna ef þörf krefur

Reglur þessar gilda um endurgreiðslu ferðakostnaðar frá 1. október 2025.

Þannig samþykkt á stjórnarfund 15. september 2025.